

UNANIMO!

(Einróma)

Spil eftir Theo og Ora Coster (Theora Design) / Myndskreytingar eftir Olivier Fagnère
Fyrir 3–12 leikmenn, frá 7 ára aldri

INNIHALD

54 spil
1 stigablokk
4 blýantar
Spilareglur

MARKMIÐ SPILSINS

Að fá sem flest stig með því að hugsa sem oftast í takt við hina leikmennina.

UNDIRBÚNINGUR

Hver leikmaður fær blýant og blað úr stigablokkinni og skrifar nafn sitt efst á blaðið.
Spilin eru stokkuð og sett í bunka á hvolf á mitt borðið.

GANGUR SPILSINS:

Ákveðið hver á að byrja.

1. Sá sem byrjar dregur efsta spilið úr bunkanum og leggur það ofan á bunkann þannig að það snúi upp.
2. Um leið og spilinu hefur verið snúið við eiga allir leikmenn, að meðtöldum þeim sem dró spilið, að skrifa niður í fyrsta dálkinn á blaðinu sínu 8 orð sem koma strax upp í hugann í tengslum við myndina á spilinu.
3. Fyrsti leikmaðurinn gefur hinum sanngjarnan tíma til að skrifa niður 8 orð í reitina og biður þá síðan að leggja frá sér blýantana. Það skiptir engu máli þótt einhver sé með færri orð.
4. Leikmaðurinn les upp fyrsta orðið í dálknum sínum. Allir sem skrifuðu sama orð (líka sá sem les upp orðið) rétta upp hönd og fá þeir þá jafnmörg stig og hendur eru á lofti. Ef leikmaðurinn les upp orð sem enginn annar hefur skrifað fær hann 0 stig. – Svona er lífið!

Dæmi:

Fyrsti leikmaðurinn skrifaði orðið „rautt“ í fyrsta reitinn. Þrír aðrir leikmenn eru með sama orð. Allir fjórir skrifa þá 4 stig við hlið orðsins „rautt“.

5. Því næst les fyrsti leikmaðurinn upp næsta orð á listanum sínum og aftur fá þeir sem skrifuðu niður sama orð jafnmörg stig og þeir eru alls. Svona er haldið áfram uns sá sem byrjaði hefur lesið upp öll orðin sín.
6. Þegar fyrsti leikmaðurinn hefur farið yfir öll 8 orðin sín les sessunautur hans á vinstri hönd upp orðin á sínum lista. Hann fer að á sama hátt en les bara upp orð sem ekki hafa þegar verið nefnd.
Haldið er áfram réttisælis í kringum borðið uns allir leikmenn hafa lesið upp listana sína.

Sá síðasti í röðinni þarf ekki að lesa upp sín orð, sem ekki hafa verið nefnd, því hann er sá eini sem skrifaði þau. Ef hann langar óskaplega mikið til þess, neitið honum þó samt endilega ekki um ánægjuna af því!

7. Þegar allir leikmenn hafa lesið upp orðin sín, leggja þeir saman stigin fyrir fyrsta spilið og skrifa samtöluna í reitinn fyrir neðan dálkinn.
8. Næsti leikmaður tekur þá spilið í burtu (setur það t.d. aftur í kassann) og dregur svo næsta spil og leggur það ofan á stokkinn og spilið heldur áfram eins og áður er sagt. Stigið fyrir það spil eru skrifuð í næsta dálk við hliðina. Nýr leikmaður dregur svo spil á sama hátt fyrir þriðja dálkinn.

Ath:

Eftirfarandi er ekki tekið gilt:

- orð af sama stofni og orðið á myndaspilinu, t.d. Hafmeyja má ekki nota "Haf"
- orð sem eru fengin af myndinni, tölur (1, 2, 3...) eða merki (-, =, +)

Leikmenn verða að skrifa nákvæmlega niður sama orð til að fá stig. T.d. telst „dagblað“ og „dagblöð“ ekki vera sama orðið og sama á við um „skauta“ og „hjólaskauta“.

LOK SPILSINS

Þegar fyrstu 3 spilunum hefur verið snúið við leggja allir saman stigin úr samtölureitunum neðst og skrifa heildarstigafjöldann í reitinn efst í hægra horninu. Sá sigrar sem fengið hefur flest stig.

MISMUNANDI ÚTGÁFUR:

1 MÍNÚTU TÍMAMÖRK

Til að kynda aðeins undir hlutunum er hægt að ákveða að allir leikmenn fái bara eina mínútu til að skrifa niður orðin sín... Í hita leiksins, þegar fer að líða á niðurtalninguna, má búast við að mjög áhugaverð orð skjóti upp kollinum neðst á listunum!

STOOOOPPPP!

Um leið og einhver er búinn að skrifa niður 8 orð hrópar hann STOPP og þá verða allir hinir leikmennirnir að hætta að skrifa þegar í stað. Síðan eru stigin talin.

FORBOÐNIR UPPHAFSSTAFIR

Einn leikmanna skrifar niður 5 bókstafi á blað og setur það á mitt borðið. Leikmenn mega þá ekki skrifa niður orð sem byrja á þessum 5 stöfum.

ERLEND TUNGUMÁL

Í staðinn fyrir að skrifa orðin á íslensku geta leikmenn ákveðið að nota annað tungumál, sem gerir hlutina mun erfiðari.

LIÐ (mælt er með þessari útgáfu fyrir stærri hópa en 8 leikmenn)

Skiptið hópnum í fjögur álíka stór lið og setjið hvert lið í eitt horn herbergisins sem spilað er í. Leikmenn í sama liði mega velja orðin 8 sameiginlega. Stigin eru talin fyrir hvert lið fyrir sig.

